

það nefnist á ensku máli, sé hið langáhrifamesta og þýðingarríkasta félag, er myndast hefir í Norðurálfunni. Meðlimirnir eru allir heimsfrægir menn, og þeir, er aðallega hugsa fyrir skólaheiminn. Á bókum þeirra og rannsóknnum hvílir flest það, sem ritað er nú um heimspeki, guðfræði og sögu. Dr. Otto Pfeiderer, til dæmis, hefir skrifsað fjölda margar bækur um hinrar heimspekilegu hugsjónir, er liggja til grandvallar trúarbrögðunum, og án hliðsjónar þeirra bóka, er guðfræðin ekki kennd nú, þar sem nokkur mannsbragur er á kennslunni. Hið sama er með bækur Dr. Eerdmanns. Og nú fyrir nokkrum árum kom út æfisaga Jesú, eftir prof. Reville í París, er talin er taka fram öllum sams konar ritverkum, er áður hafa verið samin.

Það stingur því nokkuð í stúf að sjá, hversu menning og frjálsar hugsanir eru að útbreiðast og verða að virkilegu starfandi afli í heiminum og heyra svo, hvað verið er að segja oss hér: Að Unitarahreyfingin sé að deyja út í heiminum. Ekki alveg, mánir elskanlegir! Hún hefir aldrei verið í meiri blóma en nú, því þekkingin hefir aldrei staðið hærra en nú. Og þegar þekkingin verður enn jafnari meðal manna, verða og hinrar Unitarisku skoðanir almennari.

Árbók Ameriska Un. félagsins ber með sér, að síðast liðið ár hefir verið mikið hagseldar ár fyrir félagið, þótt það hafi orðið að sjá að baki nokkrum sinna beztu manna, og að það er að eflast og útbreiðast yfir þetta meginland.

„Heimir“ tekur þakksamlega á móti kvæðum og ritgjörðum, sé þær almenns efnis, fræðandi eða skemtandi. En ritstjórnin áskilur sér jafnframt það vald, að ráða því, hvenær þær ritgjörðir birtast, án þess að þurfa að tilkynna höfundinum það. Ænn fremur ræður ritstjórnarnar nefnd blaðsins því, hvort slíkar ritgjörðir eru teknar eða ekki, þyki þær að einhverju leyti at-hugaverðar.